

Reykjavík, 28. september
2016
R16060025
2130

Borgarráð

Tillaga um reglur um stofnframlög vegna uppbyggingar leiguíbúða í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu starfshóps borgarstjóra um reglur um stofnframlög Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi er greinargerð starfshópsins ásamt drögum að reglum Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

Hjálagt:
Greinargerð starfshóps um reglur um stofnframlög Reykjavíkurborgar.
Drög að reglum Reykjavíkurborgar um stofnframlög Reykjavíkurborgar.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um stofnframlög Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Heildarlög um almennar íbúðir voru samþykkt á Alþingi þann 2. júní sl, Hlutverk starfshóps um stofnframlög Reykjavíkurborgar er að rýna löggin m.t.t. stofnframlaga borgarinnar og gera tillögur að reglum og fyrirkomulagi Reykjavíkurborgar til að mæta lagasetningunni.

Helstu verkefni:

- Starfshópurinn geri tillögur að reglum Reykjavíkurborgar um stofnframlög og fyrirkomulagi umsókna um þau.
- Starfshópurinn geri tillögur að sérstökum reglum um byggingu íbúða í Reykjavík á grundvelli heildarlaga um almennar íbúðir.
- Önnur verkefni sem af lögunum leiða.

Starfshópin skipa:

Birgir Björn Sigurjónsson (formaður), fjármálaskrifstofu.

Auðun Freyr Ingvarsson, félagsbústöðum.

Guðlaug Sigurðardóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Starfsmaður:

Ívar Örn Ívarsson, fjármálaskrifstofu.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok september 2016.

Reykjavík, 20. júní 2016.



Dagur B. Eggertsson

Til: Borgarstjóra
Frá: Starfshópi um stofnframlög Reykjavíkurborgar
Efni: Greinargerð með tillögu að reglum um stofnframlög Reykjavíkurborgar

Borgarstjóri skipaði hinn 20. júní 2016 starfshóp um stofnframlög Reykjavíkurborgar til að rýna lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir m.t.t. væntanlegra stofnframlaga borgarinnar og gera tillögur að reglum og fyrirkomulagi Reykjavíkurborgar til að mæta lagasetningunni. Helstu verkefni skv. erindisbréfi dags. 20. júní sl. voru þessi:

Að gera tillögur að reglum Reykjavíkurborgar um stofnframlög og fyrirkomulagi umsókna um þau.

Að gera tillögur að sérstökum reglum um byggingu íbúða í Reykjavík á grundvelli heildarlaga um almennar íbúðir.

Önnur verkefni sem af lögum leiða.

Starfshópurinn skipa: Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálaskrifstofu, formaður, Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, og Guðlaug S. Sigurðardóttir, fjármálastjóri Eignasjóðs. Ívar Örn Ívarsson, lögfræðingur fjármálaskrifstofu, er starfsmaður starfshópsins. Einar Bjarki Gunnarsson, deildarstjóri á fjármálaskrifstofu, og Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri SEA, hafa starfað með starfshópnum. Þá hefur starfshópurinn notið ráðgjafar Ebbu Schram og Eyþóru K. Geirsdóttur, lögfræðinga hjá borgarlögmanni, Harra Ormarssonar, lögfræðings byggingafulltrúa, og Magnúsar Inga Erlingssonar, lögfræðings SEA.

Starfshópurinn hefur haldið 8 fundi um gerð reglna Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga. Mikið samráð hefur verið við Íbúðalánasjóð í þeim tilgangi að gera stjórnarsýsluna í þessum erindum eins skilvirka og kostur er, forðast tvíverknað og nýta krafta beggja aðila með sem bestum hætti. Haldnir hafa verið 7 fundir um þetta verkefni með sjóðnum.

Með lögum um almennar íbúðir er tekið upp kerfi stofnframlaga frá ríki og sveitarfélögum í stað niðurgreiddra vaxta sem núverandi stuðningskerfi ríkisins grundvallaðist á með 1% verðtryggðum vöxtum vegna uppbyggingar félagslegs leiguhúsnæðis. Nýja kerfið tekur til mun stærrí hóps íbúa þar sem miðað er við tvo lægstu tekjufimmtungana en ekki einvörðungu þann hóp sem uppfyllir gildandi fjárhagsleg og félagsleg viðmið um þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði, þ.e. sá hópur sem ekki getur séð sér og sínum fyrir húsnæði. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir mun meiri stuðningi sveitarfélaga við uppbyggingu leiguhúsnæðis en verið hefur.

Í 14. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir er gert ráð fyrir að sveitarstjórn setji reglur um veitingu stofnframlaga.

Starfshópurinn leggur nú fram meðfylgjandi tillögu að reglum um stofnframlög Reykjavíkurborgar í samræmi við erindisbréf starfshópsins, sjá fylgiskjal.

Í reglum þessum er m.a. fjallað um markmið og gildissvið reglnanna, kröfur til umsækjenda, kröfur um gæði umsókna og gögn sem skulu fylgja umsóknum, mat og afgreiðsla á umsóknum, ákvæði um greiðslu stofnframlaga og kvaðir.

Reglur um stofnframlög, sem hér er gerð tillaga um, byggja í öllum aðalatriðum á lögum nr. 52/2016 eins og áður segir og reglugerð nr. 555/2016. Við gerð tillögunnar hafa komið í ljós ýmsir augljósir

vankantar á þessari umgjörð sem þarf að fara vel yfir og meta að hvaða marki nauðsynlegt er að endurskoða löggin og reglugerðina. Það mun síðan kalla á endurskoðun þessara reglna.

Brýnt er að mati starfshópsins að samþykkja þessar reglur hið fyrsta þar sem umsóknarfrestur um stofnframlög ríkisins rennur út 15. október nk og nauðsynlegt fyrir væntanlega umsækjendur að fá hið fyrsta í hendur upplýsingar sem í reglunum eru. Þá er vakin athygli á því að fyrirbyggjandi tillaga gerir ráð fyrir að borgarstjóri feli sérstakri matsnefnd að rýna umsóknir og gera tillögur til hans um afgreiðslu þeirra sem síðan eru lagðar fyrir borgarráð til samþykktar. Mikilvægt er að skipa hið fyrsta fulltrúa í þetta verkefni þar sem tillögur um afgreiðslu umsókna þarf að leggja fyrir borgarráð innan 30 daga frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Unnið er að gerð umsóknareyðublaðs og uppsetningu á umsóknarvef í samstarfi við Íbúðalánasjóð.

Birgir Björn Sigurjónsson, formaður

Auðun Freyr Ingvarsson

Guðlaug S. Sigurðardóttir

Reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög

1. gr.

Markmið og gildissvið

Reglur þessar taka til veitingar stofnframlaga Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Markmið með veitingu stofnframlaga er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga í Reykjavík, sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi íbúðarhúsnæði til leigu og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda. Veitingu stofnframlaga er ætlað að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir í Reykjavík á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda. Þessi markmið falla vel að húsnæðisstefnu og húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.

Til að ná þessum markmiðum skal lögð sérstök áhersla á nýbyggingar og að fjölga leiguíbúðum sem uppfylla skilyrði laga um almennar íbúðir og reglna þessara.

2. gr.

Ábyrgð og verkaskipting

Borgarráð staðfestir reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög og staðfestir veitingu einstakra stofnframlaga enda séu fjárheimildir fyrir þeim.

Borgarstjóri ber ábyrgð á stjórnarsýslulegri framkvæmd.

Sérstök matsnefnd skipuð fulltrúum velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, fjármálaskrifstofu og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar fer yfir umsóknir og gerir tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 555/2016 og reglna þessara. Í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 9. gr. staðfestir matsnefnd kaup á almennum íbúð sem borgarráð hefur samþykkt með fyrirvara á grundvelli áætlunar. Matsnefnd er heimilt að leita faglegrar ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins.

3. gr.

Skilyrði til umsækjenda

Eingöngu er heimilt að veita stofnframlög til eftirtalinna aðila:

- a) Húsnæðissjálfsseignarstofnana og lögaðila sem eru alfarið í eigu Reykjavíkurborgar.
- b) Lögaðila sem starfandi voru fyrir gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylltu skilyrði til að fá lán frá Íbúðalánasjóði skv. þágildandi 37. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.

- c) Annarra lögaðila sem ráðherra hefur heimilað að verði veitt stofnframlag enda séu þeir ekki reknir í hagnaðarskygni og það samræmist tilgangi og markmiðum laga um almennar íbúðir.

Uppfylli umsækjandi ekki framangreind skilyrði skal umsókn hafnað.

4. gr.

Skilyrði um markmið umsækjenda

Umsækjendur þurfa að hafa uppi áform um byggingu eða kaup á íbúðarhúsnæði sem ætlað er leigjendum sem eru undir þeim tekju- og eignamörkum sem tilgreind eru í 10. gr. laga nr. 52/2016. Áformin skulu vera í samræmi við markmið húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar og samræmast húsnæðisáætlun borgarinnar með tilliti til þarfar fyrir leiguhúsnæði og uppbyggingu þess á hverjum tíma.

5. gr.

Umsókn um stofnframlag

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um stofnframlög a.m.k. einu sinni á ári. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar. Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Í umsókn um stofnframlög skal koma fram:

1. Hver umsækjandi er og stofnendur umsækjenda. Stofngögn félagsins, staðfesting ráðherra á félaginu og staðfesting sjálfseignarstofnunarsskrár ef við á.
2. Fjöldi, gerð, staðsetning og stærð íbúða sem fyrirhugað er að byggja eða kaupa.
3. Framkvæmdaráætlun og framkvæmdatími ef við á.
4. Áætlað stofnvirði þeirra íbúða sem fyrirhugað er að byggja eða kaupa með nákvæmri sundurliðun, staðfest af þar til bærum sérfræðingi ef við á.
5. Greinargerð um hvaða hópi húsnæðinu er ætlað að þjóna ásamt upplýsingum um tekjudreifingu og áætlaðar meðaltekjur hópsins eftir því sem kostur er á.
6. Greinargerð um þörf á leiguhúsnæði fyrir þann hóp sem húsnæðinu er ætlað að þjóna m.t.t. stærðar, gerðar og staðsetningar þess og hvernig áform umsækjanda um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á almennum íbúðum taka mið af þörfinni með hliðsjón af húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar og markmiðum um félagslega blöndun eins og þau eru sett fram í húsnæðisáætlun á hverjum tíma.
7. Greinargerð um hvort og hvernig hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar eru nýttar í því skyni að lækka byggingarkostnað og hvort og þá hvernig er lögð áhersla á skapandi og hugvitssamlegar lausnir og góða hönnun íbúðanna.
8. Annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Með umsókn skulu jafnframt eftirfarandi gögn lögð fram:

1. Greinargerð um umsækjanda og eftir atvikum samþykktir og síðasti ársreikningur umsækjanda.
2. Staðfesting langtímafjármögnunar frá viðskiptabanka eða fjármálastofnun, lánstími, kjör og fjárhæð og hlutfall af stofnkostnaði og staðfesting brúarfjármögnunar ef við á.
3. Viðskiptaáætlun sem innheldur m.a. leiguverð niður á hverja íbúð og áætlanir um þróun þess. Viðskiptaáætlun skal fylgja greinargerð skv. nánari útlistun á vefsíðu Reykjavíkurborgar þar sem m.a. kemur fram eftirfarandi:
 - Greinargóð lýsing á helstu forsendum um tekjur og útgjöld.
 - Greinargóð lýsing á aðferðinni sem umsækjandi hyggst beita við ákvörðun leiguverðs íbúðanna í upphafi og til lengri tíma.
 - Rökstuðningur fyrir mati á viðhaldspörf íbúðanna sem birtist í viðskiptaáætlun, bæði reglulegu viðhaldi og meiriháttar endurbótum.
 - Greinargerð um innri og ytri áhættuþætti verkefnisins á framkvæmdatíma, á fyrstu rekstrarárum og til lengri tíma og hvernig umsækjandi hyggst bregðast við mögulegum frávikum frá viðskiptaáætlun.
4. Viðskiptaáætlun ásamt greinargerð skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag, fjárfestingahreyfingum og fjármögnunarhreyfingum verkefnisins sem og ráðstöfun eigna og sjóða bæði á framkvæmdatíma og vegna reksturs íbúðanna, þ.m.t. viðhaldsframkvæmda, til skemmri og lengri tíma.
5. Kaupsamningur, áætlanir um endurbætur og verksamningur ef við á. Þrátt fyrir 1. másl. er félagi sem sinnir lögbundnu hlutverki Reykjavíkurborgar vegna reksturs félagslegs leiguhúsnaðis skv. samningi við velferðarsvið ekki skylt að leggja fram kaupsamning heldur heimilt að leggja fram áætlun um kaup.
6. Vilyrði um lóð eða staðfesting á eignarhaldi á lóð þegar það á við.
7. Skilalýsing með uppdráttum af tegundum íbúða og lýsingum á sameign og bílastæðum þegar það á við.
8. Staðfesting skipulagsfulltrúa á því að áform umsækjanda séu í samræmi við gildandi skipulag þegar það á við.
9. Upplýsingar um reynslu umsækjanda og/eða stofnaðila/stjórnenda/lykilstarfsmanna af verklegum framkvæmdum, s.s. hvað varðar áætlanagerð, skipulag og ut anumhald, af svipaðri gerð og stærðargráðu og sótt er um stofnframlög vegna.
10. Upplýsingar um viðeigandi reynslu þeirra aðila sem komu að vinnslu áætlana, s.s. áætlunar um stofnvirði og viðskiptaáætlunar, og þeirra aðila sem eiga að fylgja áætlunum eftir.
11. Staðfesting frá viðkomandi yfirvöldum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, dagsett innan 30 daga frá umsókn.

12. Staðfesting frá lífeyrissjóði/sjóðum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld, dagsett innan 30 daga frá umsókn.

13. Skriflega yfirlýsingu þess efnis að:

- umsækjandi, forráðamenn og/eða stofnendur hans séu ekki í gjaldþrotaskiptum eða í slitameðferð, hafi fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða uppfylli skilyrði þess að vera í slíkri meðferð.
- umsækjandi, forráðamenn og/eða stofnendur hans hafi ekki verið sektaðir eða dæmdir til refsingar með endanlegum dómi fyrir brot í atvinnustarfsemi, s.s. vegna bókhaldsbrot, skattalagabrot o.fl.

14. Annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Nánari upplýsingar um þau gögn og áætlanir sem skila ber með umsókn og það form sem gögnum og áætlunum skal skilað á má finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg getur óskað eftir frekari gögnum ef þörf er á til að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Heimilt er að synja umsókn hafi nauðsynleg gögn ekki borist innan auglýsts umsóknarfrests eða ef umsækjandi veitir rangar eða villandi upplýsingar.

Staðfesting frá Íbúðalánasjóði um að umsókn hafi jafnframt borist sjóðnum skal berast eigi síðar en 7 dögum eftir að auglýstur umsóknarfrestur Reykjavíkurborgar rennur út. Berist staðfestingin ekki innan þess tíma er heimilt að synja umsókn.

Heimilt er að veita undanþágu frá því að staðfesting fjármögnunar skv. 2. tölul. 3. mgr. fylgi með umsókn, enda berist staðfestingin í síðasta lagi á þriðja fimmtudegi eftir að umsóknarfrestur Reykjavíkurborgar rennur út.

Geti umsækjandi ekki sýnt fram á skil á gjöldum sbr. 11. og 12. tölul. 3. mgr. veitir Reykjavíkurborg viðkomandi ekki stofnframlag.

Heimilt er að synja umsókn ef umsækjandi, forráðamenn hans og/eða stofnendur leggja ekki fram skriflegar yfirlýsingar sbr. 13. tölul. 3. mgr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um að veittar upplýsingar séu réttar hjá þar til bærnum aðilum.

Sé Reykjavíkurborg kunnugt um að umsækjandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir mútur, svik, peningaþvætti eða þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi veitir Reykjavíkurborg viðkomandi ekki stofnframlag. Sama gildir ef forráðamenn og/eða stofnendur eru í sömu stöðu.

6. gr.

Krafa um endurgreiðslu

Áður en umsókn um stofnframlag er samþykkt skal lagt mat á það hvort krefjast skuli endurgreiðslu stofnframlaga í samræmi við 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016.

7. gr.***Krafa um aðild að stjórn***

Áður en umsókn um stofnframlag er samþykkt skal lagt mat á það hvort krefjast skuli aðildar að stjórn og eftir atvikum fulltrúaráði umsækjanda í samræmi við 4. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016.

8. gr.***Mat á umsóknum***

Við afgreiðslu umsókna skal m.a. lagt mat á eftirfarandi atriði:

1. Hvort umsókn um stofnframlag samræmist ákvæðum laga og reglugerða.
2. Hvort verkefnið rúmist innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og hvort áhrif veitingar stofnframlaga á rekstur, efnahag og sjóðstreymi Reykjavíkurborgar sé í samræmi við forsendur áætlunar.
3. Hvort það húsnæði sem á að byggja eða kaupa teljist hagkvæmt og uppfylli þarfir íbúa þannig að ásættanlegt sé.
4. Hvort þörf er á leiguhúsnæði af þeirri stærð og gerð og í því hverfi sem húsnæðið er staðsett fyrir þann hóp sem húsnæðinu er ætlað að þjóna, með hliðsjón af húsnæðisáætlun borgarinnar.
5. Hvort áætlað leiguverð sé í samræmi við greiðslugetu væntanlegs leigjendahóps.
6. Hvort fjármögnun útgjalda vegna verkefnisins, m.a. vegna framkvæmda, rekstrar, reglulegs viðhalds, endurbóta og endurgreiðslu lána og stofnframlaga, sé traust og hvort fjármögnun hafi verið tryggð með fullnægjandi hætti.
7. Hvort fyrirbyggjandi gögn, s.s. áætlun um stofnvirði, viðskiptaáætlun og áætlað leiguverð, séu traust og raunhæf og hvort líklegt sé að þessar áætlanir gangi eftir þannig að verkefnið nái tilgangi og markmiði laga og húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar.
8. Hvort umsókn samræmist að öðru leyti tilgangi og markmiði laga og húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar.

Heimilt er að taka mið af efnahagslegum aðstæðum í samfélaginu og áhrifum byggingarstarfsemi á samfélagið og hagkerfið.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

9. gr.***Samþykki umsókna***

Ef sótt er um stofnframlag vegna byggingar almennra íbúða á lóð í eigu Reykjavíkurborgar skal umsókn um stofnframlag ekki samþykkt fyrr en gengið hefur verið frá úthlutun lóðar.

Borgarráð getur samþykkt með fyrirvara umsókn um stofnframlag á grundvelli áætlunar um kaup á almennum íbúðum ef umsækjandi er félag sem sinnir lögbundnu hlutverki Reykjavíkurborgar vegna reksturs félagslegs leiguhúsnæðis skv. samningi við velferðarsvið. Í

slíkum tilvikum fellur fyrirvari vegna hvernar og einnar íbúðar ekki úr gildi fyrir en fullnægjandi gögnum vegna íbúðarinnar skv. 5. gr. hefur verið skilað og matsnefnd Reykjavíkurborgar hefur staðfest að kaupin séu í samræmi við samþykkt áætlun. Samþykki með fyrirvara fellur niður 12 mánuðum eftir að það er veitt.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um veitingu stofnframlaga skal tilkynna umsækjendum um niðurstöðuna. Í samþykki skal greina hvort Reykjavíkurborg nýtir heimild sína til að binda veitingu stofnframlags skilyrði um að það verði endurgreitt þegar lán tekin til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem veitt hefur verið stofnframlag hafa verið greidd upp og hvort Reykjavíkurborg muni gera kröfu um aðild að stjórn og eftir atvikum fulltrúaráði þess lögaðila sem fær stofnframlagið.

Forsenda fyrir veitingu stofnframlags Reykjavíkurborgar er að Íbúðalánasjóður veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag ríkisins innan sex mánaða frá samþykki borgarráðs á umsókn um stofnframlag. Ákvörðun um veitingu stofnframlags Reykjavíkurborgar fellur niður án tilkynningar ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt.

10. gr.

Lóðaverðmæti og greiðsla fyrir lóð.

Ef umsækjandi sækir um að byggja almennar íbúðir á lóð í eigu Reykjavíkurborgar skal viðkomandi greiða gatnagerðargjöld og önnur opinber gjöld skv. almennum reglum þar um og greiða skal markaðsverð fyrir byggingarrétt.

Um greiðslu fyrir lóð, þ.e. gatnagerðargjöld og markaðsverð byggingarréttar, skal nánar kveðið á um í samningi við umsækjanda vegna lóðaúthlutunar. Reykjavíkurborg áskilur sér þann rétt að ráðstafa stofnframlagi upp í kaupverð lóðar.

Ef kaupverð lóðar er hærra en sem nemur þeim helmingi stofnframlags sem er til útborgunar þegar skilyrði 4. mgr. 9. gr. er fullnægt skal umsækjandi greiða það sem uppá vantar innan tilskilins gjaldfrests.

Ef kaupverð lóðar er lægra en sem nemur helmingi stofnframlags kemur mismunur til greiðslu þegar skilyrði 4. mgr. 9. gr. er fullnægt.

11. gr.

Greiðsla stofnframlaga

Ef skilyrði skv. 4. mgr. 9. gr. er uppfyllt og önnur atriði standa ekki í vegi skal greiða helming stofnframlags sbr. þó 10. gr.

Seinni helming stofnframlags vegna almennrar íbúðar skal greiða þegar íbúðin hefur verið leigð út gegn afriti af þinglýstum leigusamningi um íbúðina. Heimilt er að veita undanþágu frá þinglýsingu leigusamnings þegar um er að ræða leigu á íbúðarhúsnæði í eigu ríkis, sveitarfélags eða félags sem er að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags eða leigu námsmanna á herbergi eða íbúð á heimavist eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, enda liggi fyrir skriflegur leigusamingur.

12. gr.***Kvaðir***

Þinglýsa skal kvöðum á hvert fastanúmer sem hlýtur stofnframlag. Kvaðirnar skulu fela í sér:

Bann við veðsetningu til tryggingar öðrum skuldum en lánum sem upphaflega voru tekin til kaupa eða byggingar á fasteigninni og skuldabréfi til endurgreiðslu stofnframlaga.

Bann við sölu á íbúð og á lóð ásamt byggingarrétti nema með leyfi Reykjavíkurborgar og Íbúðalánasjóðs.

Kvöð um að fasteignin verði einungis notuð í samræmi við ákvæði laga og reglna um stofnframlög.

Kvöð um að eiganda sé skylt að láta þinglýsa veðskuldabréfi vegna endurgreiðslu skilyrts stofnfjár og stofnframlags þegar til endurgreiðslu þeirra kemur.

Kvöðum verður ekki aflýst nema með samþykki Reykjavíkurborgar.

13. gr.***Upplýsingar til Íbúðalánasjóðs***

Reykjavíkurborg sendir Íbúðalánasjóði árlega upplýsingar um fjölda umsókna um stofnframlög, afgreiðslu þeirra og úthlutanir stofnframlaga.

Samþykkt í borgarráði 29. september 2016